

ganga að kaupunum, sem ákveðinn er í aukaréttardóm-
inum, teljist frá birtingu yfirréttardómsins. Málskostnað-
arákvæði aukaréttardómsins staðfestist, en málskostnaður
fyrir yfirdómi fellur niður. Málflutningslaun hins skip-
aða málsfærslumanns áfryjanda, er ákveðast 15 kr., ber
að greiða af almannafé og vottast það, að málsfærslan af
hans hendi hefir verið óaðfínanleg.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo
að frestur sá, er þar er veittur stefnda til að selja
umræddar jarðeignir og áfryjanda til að ganga að
kaupum á þeim, skal teljast frá birtingu þessa yfir-
réttardóms. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur nið-
ur, en málflutningslaun hins skipaða málsfærslumanns
hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsm. Sveins
Björnssonar, 15 krónur, greiðist af almannafé.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna
frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 27/1909:

Hið opinbera

gegn

S. A. Haakonsen og Lars A. Sekse.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, upp-

kveðnum 24. apríl þ. á., voru hinir kærðu S. A. Haakon-
sen, skipstjóri á gufuskipinu Victor, og Lars A. Sekse,
útgjörðarmaður og eigandi sama skips, dæmdir fyrir ólög-
legar síldveiðar í landhelgi til að sæta sektum samkvæmt
1. gr. tilsk. 12. febr 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland,
og 1. gr. laga nr. 10, 31. júlí 1907, 200 kr. sekt hvor
þeirra til landssjóðs og öll síldveifarferin og ólögmaður
eða óverkaður afli skipsins skyldi upptækt og andvirði
þess renna í landssjóð. Málskostnað allan skyldu hinir
kærðu greiða einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Þessum dómi hefir, eftir ósk hinna dómfeldu, verið
áfryjað til yfirdómsins.

Hinn 20. aprilmán. þ. á. komu hinir kærðu á gufu-
skipinu Victor til Ísafjarðar og lagðist skipið þar á innri
höfninni (Pollinum), en daginn eftir lét útgjörðarmaður
skipsins, hinn kærði Lars A. Sekse, kasta þar nót og
draga á fyrir síld og var nótin landfest við svokallaðan
Suðurtanga. Fengust í nótina alt að 100 tn. síldar og
hirtu kærðu um 20 tn. en seldu hér um bil 10.

Með því að bæjarfógetinn á Ísafirði áleit að hér
væri að ræða um ólöglega veiði í landhelgi, var mál
þetta höfðað gegn kærðu fyrir lögreglurétti Ísafjarðarkaup-
staðar og þeir dæmdir sem fyr segir.

Af skýrslum málsins sést það, að kærði S. A.
Haakonsen, sem var skipstjóri á Victor, réði því ekki að
veiði sú fór fram, er hér er kæruefnið, enda var hann
ekki á skipinu, er nótinni var kastað, að eigandi skipsins
og útgjörðarmaður, meðkærði Sekse, stóð fyrir veiðinni
sjálfur. Það verður því að álíta, að veiðin hafi farið fram
á ábyrgð kærða Sekse eins, og verður þá, þegar af þeirri

ástæðu, að sýkna kærða S. A. Haakonsen fyrir kæru hins opinbera í máli þessu.

Hvað kærða L. A. Sekse ákærir, þá verður ekki annað séð af málinu en að hann hafi verið talinn heimilisfastur á Íslandi jafnvel síðan árið 1902. Þá átti hann hús í Arnarfirði og stundaði þaðan fiskiveiðar þann tíma árs sem mögulegt var, og greiddi útsvar til sveitar; þaðan fór hann eftir 2 ár til Reykjarfjarðar, leigði þar fyrst hús en byggði síðan og hafði þar bækistöðu sína og greiddi sveitarútsvar, en fiskiveiðar rak hann hingað og þangað fyrir Norðurlandi. 1907 virðist hann og hafa fengið skrásett sem íslenzka eign geymsluskip, er hann átti, Lina að nafni, og hafði liggjandi á Akureyri.

Þar sem þannig virðist ástatt um búsetu Sekse og hagi, og engin vefenging er í því efni fram komin í málinu, verður eigi á það fallist, að hann er með lögregluéttardóminum dæmdur fyrir að hafa veitt hér við land sem útlendur maður, og talinn hafa orðið brotlegur gegn lögum þeim, er lögregluéttardómurinn vitnar til, tílsk. 12. febr. 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og lögum nr. 10, 31. júlí 1907, um breyting á þeirri tilskipun.

En þá kemur hitt til athugunar, sem lögregluéttardómurinn í ástæðum dóms síns aðallega telur kærða til áfellis, hvort hann hefir brotið gegn veiðilöggjöf Íslands með því, að veiði sú, er í málinu er átalín, hafi fram farið frá skipi, er eigi var skrásett sem íslenzk eign.

Í því tilliti er það upplýst, að kærði Sekse varð eigandi gufuskipsins Victor 4. ágúst 1907; 5. ágúst s. á. var skipið mælt á Akureyri og fekk hjá bæjarfógeta þar bráðabirgðar fiskiveiða- og skrásetningarskírteini. Þetta

eða þessi skírteini hafa eigi verið lögð fram í málinu eða eftirrit af þeim, en það verður að ætla, að þar sé átt við fiskiveiðaskírteini samkvæmt lögum 8. júlí 1902 og tilsk. 2. marz 1903, en með þeim er viðurkendur réttur hluteigandi skips sem íslenzks fiskiskips. Þetta skírteini hafði skipið meðferðis er það framdi veiði þá, er málið er höfðað út af. Stjórnarráðið hafði reyndar lýst því yfir, er bæjarfógeti sendi því skjöl skipsins eftir »bráðabirgðarskrásetninguna«, að það gæti ekki gefið út fullnaðarskrásetningarskírteini handa skipinu eftir þeim skýrslum, er fyrir lægju um búsetu eigandans (L. A. Sekse), og bæjarfógetinn á Akureyri hafði tilkynt Sekse þetta, sem þá var í Noregi, og það með, að þar með teldi hann skrásetning skipsins ónýtta, og bæri Sekse að endursenda hið útgefna bráðabirgðar-skírteini. En þegar Sekse skömmu eftir kom með skipið til Akureyrar, í febrúarmánuði þ. á., var það afgreitt þar hjá bæjarfógeta sem íslenzkt skip, og lét bæjarfógeti skipið halda skírteininu til þess er úrskurður stjórnarráðsins um búsetuna væri fenginn, en lagði fyrir kærða að fara sem fyrst til Reykjavíkur til þess að fá málið um fullnaðarskrásetningu skipsins útkljáð hjá stjórnarráðinu. Kærði heldur því fram, að þannig hafi hann skilið bæjarfógeta, er hann lét hann halda skírteininu, og þar sem engin áritun virðist hafa verið skráð í skírtenið til að takmarka gildi þess frekara (sbr. tilsk. um skrásetning skipa 13. desbr. 1895, 13. gr. 5) álízt það ekki rétt að líta svo á, að kærða hafi verið fyrirmanað að haga ferð sinni til Reykjavíkur eftir hentugleikum sínum vegna fiskiveiðanna og nota skip sitt meðan á því stóð sem annað skrásett íslenzkt skip,

án þess það varðaði við lög, eða hann yrði fyrir það dæmdur fyrir að nota útlend skip við veiðar sínar.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitid að kærði L. A. Sekse hafi með umræddum ádrætti fyrir síld á höfninni á Ísafirði gjörst sekur í ólöglegum fiskiveiðum, hvorki samkvæmt lögum þeim, er vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi, né öðrum lagaákvæðum um fiskiveiðar í landhelgi, og ber því að sýkna einnig hann fyrir ákæru hins opinbera í málinu. Allur kostnaður málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra, á eftir þessum úrslitum málsins að greiðast af almannafé. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu S. A. Haakonsen skipstjóri og Lars A. Sekse útgerðarmaður eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra.